

Alþingi, atvinnuveganefnd
Umsagnargátt Alþingis

Ísafirði 10. apríl 2026

Umsögn frumvarp til laga um Lagareldi, mál 529, 157. löggjafarþing

Þökkuð er beiðni atvinnunefndar til Fjórðungssambands Vestfirðinga um umsögn að frumvarpi til laga um Lagareldi og Lax og silungsveiði. 24. mars 2026. Umsögn þessi er unnin í samstarfi við Vestfjarðastofu.

Vestfjarðastofa og Fjórðungssamband sendu umsögn þegar drög að frumvarpinu voru til umfjöllunar í Samráðsgátt. Tengill á umsögnina

<https://samradapi.island.is/api/Documents/eff0e13f-d8fa-f011-9bd5-005056bcce7e>

Atriði þessara umsagnar verða hér að nýju áréttuð og brugðist við þeim breytingum sem koma fram í endanlegu frumvarpi.

Almennt

Vestfirðingar vilja öflugt og stækkandi fiskeldi. Um þetta hafa Fjórðungsþing Vestfirðinga og einstakar sveitarstjórnir ítrekað ályktað nú hátt í tvo áratugi en hér vísast til síðustu fimm ára.

Gerður var samfélagssáttmáli um uppbyggingu fiskeldis árið 2021, Strandsvæðaskipulag Vestfjarða frá 2023 gerði ráð fyrir fiskeldi sem einu grundvallaratriði í atvinnuuppbyggingu á Vestfjörðum og Svæðisskipulag Vestfjarða 2025-2050 sem nú er á lokastigi. Megin þemað er að fiskeldi vaxi áfram en byggji á jafnvægi á milli verndunar og nýtingar og stuðli að sjálfbærni samfélaganna.

Það er því skýr, eindreginn og margítrekaður lýðræðislegur stuðningur við öflugt umhverfisvænt fiskeldi á Vestfjörðum, sem er í góðum samhljómi við markmið frumvarpsins.

að skapa skilyrði til sjálfbærrar uppbyggingar lagareldis og efla þannig verðmætasköpun, atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu lagareldi og tryggja verndun villtra nytjastofna.

Almennt ber því að fagna því að núverandi ríkisstjórn stendur að heildstæðum lögum um lagareldi eftir langan undirbúning og stefnumörkun og fylgir þá einnig

stefnumörkun fyrri ríkisstjórna að lagareldi sé hluti af vaxtarbroddum íslensks atvinnulífs. Bætt lagaumgjörð er einnig mikilvæg til að undirbyggja markmið atvinnustefnu ríkisstjórnarinnar. Með þeim hætti mun lagareldi verða ein af stoðum í íslensku efnahagslífi og fjölbreytni í atvinnustarfsemi um land allt.

Því er mikilvægt að frumvarpið fái afgreiðslu á 157. löggjafarþingi en á því verði þó gerðar breytingar sem taki tillit til að atvinnugreinin er enn í uppbyggingu og náttúruleg skilyrði eru erfiðari til sjókvíaeldis en í samanburðarlöndum. Eins að tryggt verði að sjókvíaeldisbyggðir njóti ávinnings af náttúruauðlind í þeirra nærumhverfi líkt og aðrar byggðir landinu njóta ávinnings af náttúruauðlindum s.s. vatnsorku, jarðvarma og landrýmis.

Mikilvægt er þá hér, að nálgun á sértæka gjaldtöku á sjókvíaeldi sé varfærnari en lagt er upp með í frumvarpinu og eins og kemur fram í greinargerð frumvarpsins að nýta næstu fimm ár fram að nýrri endurskoðun laganna, til að meta áhrif og undirbyggja gjaldtöku til næstu áratuga. Meta þarf hér áhrif sértæktrar gjaldtöku á nýsköpun, samkeppnishæfni og umhverfislega þætti og með vísan til greinargerðar að horfa til þeirrar miklu fjárfestingu sem stefnt er að á þessu sama tímabili.

Fulltrúar Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga óska síðan eftir fá að koma á fund atvinnuveganefndar til að fjalla um efni umsagnar og einstaka atriði frumvarpsins.

Nú skal vikið að ábendingar efnisatriði frumvarpsins

Nýjar eldisaðferðir, þróun og menntun

Í greinargerð frumvarpsins er fjallað um þróun á eldisbúnaði, tækni og eldisaðferðum. Hér er unnið m.a. að minnka umhverfisáhrif sjókvíaeldis, auka velferð dýra og draga úr áhrifum sjúkdóma og lúsasmits. Undirstaða þessarar þróunar byggir á innfluttri þekkingu sem gerði kleift að byggja upp eldið á skömmum tíma.

Þó er það þannig að aðstæður í fjörðum á Íslandi s.s. minna dýpi, lægra hitastig og minni lagskiptingu sjómassa eru frábrugðin aðstæðum erlendis. Því ættu stjórnvöld á Íslandi að einbeita sér í að skapa öflugt rannsóknar og þróunarumhverfi á Íslandi til að mæta þeim aðstæðum við Ísland sem sjókvíaeldi og mögulegt hafeldi vinna við og gætu þróað tækni sem verði útflutningsvara til framtíðar litið. Hér er tækifæri á að byggja upp öflug þekkingarsetur á þeim svæðum þar sem lagareldi er stundað og sérhæfingu í sjókvíaeldi.

Menntun er í þessum efnum grundvallaratriði allt frá framhaldskóla til háskóla og því vekur athygli að orðið „menntun“ er hvergi að finna í frumvarpinu né skýringum þess. Vestfjarðastofa bendir á að Menntaskólinn á Ísafirði og Háskólasetur Vestfjarða hafa undirbúið námsbrautir á sviði fiskeldis með fyrirmynd frá Noregi og víðar. Hvatt er til þess að þessum námsbrautum verði hrint í framkvæmd og taka fyrirmynd frá Noregi þar sem fjármögnun er að stórum hluta fengin með svokölluðum kennslukvíum eða eldishlutdeild sem nýtt er til kennslu og sala afurða til fjármögnunar kennslu og rannsókna.

Því er hér með beint til atvinnuveganefndar að sett verði ákvæði í frumvarpið til að raungera þennan þátt og nýta má hlutdeild í óráðstafaðri eldishlutdeild til að hefja verkefnið og heimild í 11. gr frumvarpsins um tímabundin rannsóknarleyfi.

Áréttáðar eru síðan fyrri umsagnir Vestfjarðastofu um lagaramma og stefnumörkun lagareldis, að stjórnvöld nýti tækifæri sem ný atvinnugrein sem stunduð er að meginhluta utan höfuðborgarsvæðis, að starfsemi hins opinbera tengt þessari grein verði byggð upp á þeim landssvæðum. Áréttuð eru markmið í áætlunum stjórnvalda svo sem í Byggðaáætlun og málefnum sveitarfélaga, um eflingu byggðar um land allt, meðal annars með beinum aðgerðum með uppbyggingu starfsstöðva og fjölgun stöðugilda á vegum stjórnvalda.

Á Alþingi liggja nú fyrir tvö frumvörp ríkisstjórnar, [568. mál - Stofnun atvinnuveganna](#) og [582. mál - Einföldun regluverks og aukin skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum \(einföldun eftirlits\)](#). Hér er stefnt er að sameina stofnanir og gera þær öflugri til að sinna verkefnum á sviði umhverfis, hollustu og matvælaeftirlits, allt verkefni er snerta lagareldi og taka einnig til sín verkefni sem heilbrigðisnefndir sveitarfélaga hafa sinnt.

Í þessum tveim málum hafa sveitarfélög og heilbrigðisnefndir þeirra lagst gegn þessum breytingum en vilji stjórnvalda virðist einbeittur og taldir meiri kostir felast í stærri miðlægum stofnunum. Að þessu sögðu er þá mat Vestfjarðastofu er hér sé þá einstakt tækifæri á að stuðla að eflingu opinberrar starfsemi utan suðvesturhluta landsins.

Því er hér með beint til atvinnuveganefndar að við afgreiðslu frumvarps um lagareldi, sé samhliða horft til þess að við afgreiðslu frumvarps „Stofnun atvinnuveganna“ verði ákvæði um að sú stofnun verði byggð upp með öflugri starfstöð á Vestfjörðum, tengt sjókvíaelði og sjávarútvegi. Á sama hátt má horfa til starfsemi Umhverfis- og orkustofnunar er varðar þjónustu við atvinnulíf og sveitarfélög.

Rammi þörungaræktunar

Í frumvarpi um lagareldi frá 2023, sem ekki náði afgreiðslu á Alþingi, var komið inn á ræktun þörunga í sjó. Því lýst að málið væri mikilvægt með vísan til skýrslu Boston Consulting, en flókin framkvæmd sem gæti tafið afgreiðslu ramma land og sjókvíaeldis og yrði því að seinka umfjöllun til ársins 2025. Það er því miður að í drögum frumvarpsins og í frumvarpinu sem hér er til umfjöllunar er ekki vikið að þessu verkefni.

Því er hér með beint til atvinnuveganefndar að taka málið upp með atvinnuvegaráðherra og krefja svara hvenær vænta megi að rammi þörungaræktunar verði tekin til umfjöllunar.

Framleiðslugjald í stað umhverfissjóðs, fiskeldissjóðs og þróun og nýir gjaldsstofnar

Vestfjarðastofa og Fjórðungssamband fagna þeim áformum að leggja af núverandi fyrirkomulag Umhverfissjóðs og Fiskeldissjóðs með úthlutun byggða á umsóknum. Þess í stað verður hluti af framleiðslugjaldi veitt beint til Hafrannsóknarstofnunar annarsvegar og hinsvegar til sveitarfélaga á sjókvíaeldissvæðum.

Viðfangsefni sem Umhverfissjóður var stofnaður um þ.e. rannsóknir og eftir sjókvíaeldis á lífríki á hafsbotni og í sjávarmassa, verður áfram til staðar. Hafa má þá einnig í huga áhrif landeldis á vatnshlot í nágrenni þeirra og eðlilegt að landeldisfyrirtæki greiði ígildi umhverfisgjalds fyrir vöktun og rannsóknir á áhrifum af stöðugri losun lífrænna efna.

Framleiðslugjaldið sem rennur að hluta til sveitarfélaga á sjókvíaeldissvæðum (áður fiskeldisgjald) mun samkvæmt skýringum frumvarpsins nú renna til sveitarfélaga til þeirra verkefna sem þau sjálf ákveða. Þar er af mörgu að taka í verkefnum s.s. til að mæta fjölgun íbúa og efla innviði sveitarfélaga til þau séu samkeppnishæf. Gera þarf síðan greinarmun á þessu úthlutaða framlagi og á hlutverki sveitarfélaganna er varðar veitingu margþættrar þjónustu sem sveitarfélögin og hafnarsjóðir sinna síðan gagnvart fiskeldi. Líkt önnur

atvinnustarfsemi innan sveitarfélaganna þá eiga fiskeldisfyrirtæki að greiða fyrir þjónustu og eiga hlutdeild í viðhaldi og endurnýjun innviða sem tengd er þjónustunni.



Vestfjarðastofa



Rammi framleiðslugjalds til sveitarfélaganna vekur síðan ákveðnar áhyggjur. Óskað er nánari skýringa á ramma framleiðslugjalds sem renni til sjókvíaeldisbyggða sem áætlaður er þriðjungur af því gjaldi sem innheimtist til ríkissjóðs, í greinargerð frumvarpsins segir á bls. 86: Gert er ráð fyrir að samfélagsframlag verði óbreytt árið 2026 eða 550 millj. kr. eins og fjárlög gera ráð fyrir, að það verði 580 millj. kr. árið 2027 eða 83 millj. kr. lægra miðað við núverandi löggjöf og um 500 millj. kr. árið 2028 eða 320 millj. kr. lægra en gert er ráð fyrir samkvæmt núverandi löggjöf. Er hér miðað við að samfélagsframlag verði $\frac{1}{3}$ af framleiðslugjaldi fyrra árs.

Í þingsályktun að fjármálaáætlun 2027-2031 um málavíð sjávarútvegs og fiskeldis er eftirfarandi tilgreint á bls. 144:

Hins vegar er gert ráð fyrir áframhaldandi aukningu framlaga í Fiskeldissjóð og er miðað við að framlagið verði komið í 649 m.kr. frá og með 2028.

Óskað er skýringa á því misræmi sem hér virðist vera á áætluðu framlagi til sjókvíaeldisbyggða, en það er 149 mkr hærra í fjármálaáætlun fyrir árið 2028 en greinargerð frumvarps um lagareldi tilgreinir, sem samfélagsframlag en fjármálaáætlun nefnir sem Fiskeldissjóð. Telja verður að stefna í fjármálaáætlun sé það viðmið sem gangi frammar í fjármálastefnu stjórnvalda hverju sinni og er að endanum staðfest í fjárlögum hvers árs.

Í annan stað óskað skýringa á samspili viðmiðunar samfélagsframlags við þriðjung framleiðslugjalds síðasta árs. Innan framleiðslugjalds eru ákvæði um fjárhagslega hvata til tímabundinnar lækkunar framleiðslugjalds til að koma á móts við áhættu að taka t.d. lokaðan eldisbúnað í notkun og eldi á ófrjóum fiski. Það er jákvæð þróun að minnka mögulega umhverfisáhættu en þá verður hafa þann fyrirvara á að rýri ekki framlög til sjókvíaeldisbyggða. Það er mat Vestfjarðastofu að það sé fremur hlutverk ríkisins að taka á sig lækkun vegna bætts árangurs af umhverfistengdum hvötum og hlutdeild sjókvíaeldisbyggða hækki gangi þessi þróun eftir. Eins er í þessu samhengi óskað skýringa hvort sú fjárhæð 500 mkr sem tilgreind er í greinargerð gefi vísbendingu um að verið sé að festa samfélagsframlag við þá fjárhæð og er fyrirfram varað við slíkri nálgun.

Almennt um gjaldtöku í fiskeldi með vísan til nýtingar náttúruauðlindar og áhrif og álag á umhverfi, þá verður gæta varkárni í þeim efnum. Sem hér að framan var lýst hefur þróun atvinnugreinarinnar byggt á innfluttri þekkingu og tækni sem hefur nýst ágætlega og byggir þar á langri reynslu og miklu fjármagni sem veitt hefur verið í þessa atvinnugrein erlendis. Þekking eigenda og öflug fjárfestingargeta hefur síðan slegið traustum stoðum undir greinina. Aðstæður á Íslandi eru að hluta



Vestfjarðastofa



frábrugðnar og veldur enn sem komið er meiri kostnaði en í nágrannalöndum. Þar skipta ýmsir þættir máli, svo sem fjarlægð frá mörkuðum, umhverfisaðstæður, hátt kostnaðarstig og fyrirsjáanleg fjárfestingarþörf. Íslensk stjórnvöld verða að taka mið af þessu í gjaldtöku af greininni, gefa fyrirtækjum fjárhagslegt svigrúm til byggja upp ásættanlega framleiðni til að mæta þeim áskorunum og stilla gjaldtöku í hóf.

Hér er einnig lýst áhyggjum af upptöku nýs gjalds, affallagjalds, í sjókvíaelði, að markmið þess samkvæmt greinargerð frumvarpsins (bls. 69) „ákveðnum hvata til þess að halda afföllum í lágmarki þar sem afföll geta leitt til álagningar affallagjalds.“ Telja verður að það sé nægur hvati hvers þess sem elur sláturdýr á landi eða í sjó að minnka afföll, enda hefur það beina tengingu við afkomu hverju sinni og til lengri tíma litið leiða til að verða undir í samkeppni við aðila sem standa sig betur. Því er beint til atvinnuveganefndar að skoðaðar verði aðrar leiðir, með jákvæðum hvötum sem verðlaunar þá aðila sem sýna bættan árangur og hækka þá jöfnum höndum viðmið á afföllum.

Öll gjaldtaka af fiskeldi kemur til viðbótar við fremur hátt skattstig á Íslandi, sem verður að skoðast í alþjóðlegu ljósi enda fiskeldi á alþjóðlegum markaði.

Um rekstrarleyfi og strandsvæðaskipulag

Frumvarpið setur skilyrði fyrir veitingu rekstrarleyfa (greinar nr. 27, 31, 105, bráðabirgðaákvæði I og rannsóknarleyfa (11. gr) að til staðar sé strandsvæðaskipulag. Hér er um að ræða nýmæli og tekið er undir að þessi ákvæði séu tekin upp og tengja þannig ákvæði fiskeldislaga og laga um haf og strandsvæðaskipulag þéttar saman. Vestfjarðastofa telur að hér sé nauðsyn og tækifæri til að skoða áhrif þessa nýja ákvæðis við umfjöllun frumvarpsins, skoða þætti er varða samspil laga, vinnu þvert á starfssvið fleiri ráðuneyta og vægi stefnuskjala.

Ákvæðið mun kalla á að hafin verði vinna við skipulag nýrra strandsvæða. Þess er vænst að við undirbúning frumvarpsins hafi verið haft samráð við félags- og húsnæðismálaráðuneyti um málið, svo sem að vinna sé fjármögnuð, svæðisráð stofnuð, líkleg aukið álag á starfsemi Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS) og eða aukin aðkeypt skipulagsráðgjöf.

Óskað er upplýsinga hvort tekið hafi verið upp samtal milli ráðuneytanna við gerð frumvarpsins. Til upplýsingar þá er samkvæmt bráðabirgðaákvæði sem samþykkt var við breytingu laga um haf- og strandsvæðaskipulag (lög 29/2025, mál 425, 156. löggj.) að hefja skuli vinnu við strandsvæðaskipulag Eyjafjarðar og við Skjálfanda og er það einnig í samræmi við 8. og 9. aðgerð Landsskipulagsstefnu



Vestfjarðastofa



2024-2038 (þingsályktun 16/154) um gerð strandsvæðaskipulags á þessum tilgreindum svæðum.

Það liggur því þegar fyrir mikil vinna sem félags- og húsnæðismálaráðherra hefur lagt af stað með og fá þarf hans afstöðu um næstu verkefni og hvenær megi hefja þau. Skoða verður hvort nýta megi ákvæði 10. aðgerðar Landsskipulagsstefnu og varðar forgangsröðun annarra verkefna vegna skipulags strandsvæða. Sé mögulegt

að nýta ákvæðið þá verði hafin vinna við undirbúning nýrra svæða í samráði við aðliggjandi sveitarfélög og ráðuneyti og stofnanir. Vestfjarðastofa leggur þar áherslu á svæði við Vestfirði verði þar tekin fyrst fyrir þ.e. Breiðafjörður og Húnaflói. Þessi svæði liggja að Strandsvæðaskipulagi Vestfjarða og myndi þá verða til samfella milli strandssvæða og samstarf með sveitarfélögum á Vestfjörðum og aðliggjandi sveitarfélögum.

Vísast hér til tillögu starfshóps umhverfis, orku og loftlagsráðherra um gerð strandsvæðaskipulags fyrir Breiðafjörð, *Framtíð Breiðafjarðar* (júní 2024), og nefndarálit við afgreiðslu þingsályktunar um Landsskipulagsstefnu. Eins hefur Fjórðungssamband Vestfirðinga tekið málið upp með félags- og húsnæðismálaráðuneyti. Vísast hér einnig til annarra tillagna í skýrslu nefndar forsætisráðherra *Efling byggða á Ströndum* (ágúst 2024) þar er meðal annars vísað til tilrauna með fjarðareldi í Steingrímsfirði og hefja verði vinnu við mat á burðarþoli í firðinum sem er háð ákvörðun atvinnuvegaráðherra. Hér er jákvætt að frumvarp um lagareldi tilgreinir fjarðarþing sem nýtt viðfangsefni, og að grein 105 geri ekki fortakslausa kröfu um strandsvæðaskipulag („Fjarðarþing skal samræmast strandsvæðaskipulagi liggja það fyrir á viðkomandi svæði“).

Um hafsvæði og samspil við strandsvæðaskipulag

Hugtakið hafsvæði er ekki skilgreint í frumvarpinu en víða er vísað til svokallað „afmarkaðs hafsvæðis“ í samspili m.a. við burðarþingsmats. Að mati Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands verður að horfa til að Strandsvæðaskipulag Vestfjarða sé samspil minni hafsvæða innan eins stórs hafsvæðis, sem nánar tiltekið nær frá Bjargtöngum að Straumnesi og fellur innan þess svæðis þar sem heimilað er að laga frjóa laxfiska í sjó.

Ákvæði skipulagsins er vistkerfisnálgun í jafnvægi við atvinnulíf og samfélag. Til að vinna að því jafnvægi innan skipulagssvæðisins sem er þá einnig hafsvæði samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, voru svæði lokuð gagnvart sjókvíaeldi. Jökulfirðir eru þar stærsta svæðið, auk Inndjúps en aðrir hlutar Ísafjarðardjúps og firðirnir vestur úr að Patreksfirði nema Súgandafjörður heimila staðbundna starfsemi að meginhluta þ.m.t. sjókvíaeldi.



Umhverfismat Strandssvæðaskipulag Vestfjarða horfir til samhengis þessarar skiptingar í nýtingar- og verndarsvæði á skipulagssvæðinu. Nýting mun auka álag á vistkerfi nýtingarsvæða en það er metið sem svo að það komi til með að hafa óveruleg áhrif. Verndun svæða eru síðan metin til að hafa jákvæð áhrif á umhverfi og náttúru á skipulagssvæðinu. Með einföldun má segja að þau svæði sem sjókvíaeldi er heimilað byggja á því að innan sama

hafsvæðis/strandssvæðaskipulagssvæði eru tilgreind stór friðuð svæði og skapi þannig jafnvægi nýtingar og verndunar á hafsvæðinu við Vestfirði.

Strandssvæðaskipulag og áhættumat erfðablöndunar

Ákvæði strandssvæðaskipulagsins gagnvart samfélagi er að það eflist á sjálfbæran hátt með nýtingu og verndun umhverfisins og fellur það saman með markmiðum sem sett eru í 1. grein í frumvarpsins. Með verndun ákveðinna svæða segir strandssvæðaskipulagið samhliða, að samfélagið geti gert kröfu um að öll önnur svæði séu nýtt eftir því sem ákvæði annarra laga heimila. Á Vestfjörðum eru takmarkanir hvað þetta varðar, en burðarþol fiskeldissvæða á Vestfjörðum er metið 82,5 þús. tonn en áhættumat erfðablöndunar setur mörk við 64,5 þús. tonn. Mismunur hér er 18 þús. tonn og kemur allur fram í Ísafjarðardjúpi en heimilað eldi er 12 þús. tonn af 30 þús. tonnum af metnu burðarþoli. Gefin hafa hinsvegar út rekstrarleyfi til fyrirtækja fyrir 72,5 þús. tonn fyrir Vestfirði þar af 25,5 þús. tonn í Ísafjarðardjúpi og þar nýtast því ekki 13,5 þús. tonn.

Í Ísafjarðardjúpi eru mest áberandi áhrif á skörun markmiða og ákvæða fiskeldislaga og stefnuskjala. Við mótnun frumvarps um lagareldi þarf að fjalla um þessa skörun og hvaða þáttur sé settur í forgang í framþróun sjókvíaeldis innan Vestfjarða til að stuðla að jafnvægi og skýra framtíðarsýn. Skoða þarf rækilega hvort ákvæði um áhættumat erfðablöndunar eigi að vera stjórnþæki í þessu samhengi burðarþols og strandssvæðaskipulags en benda má á að það er ekki notað sem stjórnþæki í öðrum löndum og framkvæmd hefur verið erfið en endurskoðað áhættumat hefur ekki verið gefið út í 7 ár.

Áhættumatið hafi fremur það hlutverk að vera skilgreindur rannsóknarþáttur til að fylgjast með þróun erfðablöndunar en með ákvæðum að grípa hratt til aðgerða, ef markmið um lágmarkun erfðablöndunar eru ekki að nást. Ná má meiri árangri í að minnka áhættu af erfðablöndun með margþættum aðgerðum sem hafa verið þróaðar og eru í þróun. Nefna má endurbætur á hefðbundnum búnaði, styttri eldistíma í sjó með útsetningu stærri seiða, byggingu árvaka og vöktun í ám. Rekstraraðilar innan hvers smitvarnarsvæðis þurfa að eiga náið samstarf og þar verður að gera ríkar kröfur um þátttöku í aðgerðum.

Að lokum

Stóra myndin er skýr: **Vestfirðingar styðja aukið laxeldi**. Frumvarpið er mikil framför frá því regluverki sem nú gildir. Við styðjum því að frumvarpið nái fram að ganga, að teknu tilliti til þeirra athugasemda sem að framan hafa verið raktar.

Virðingarfyllst,



Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir
Framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga